

Minnisblað verkefnastjóra Kistunnar vegna vinnu við Atvinnustefnu Langanesbyggðar 13. febrúar 2025



1. Staðan í dag – upplýsingaöflun, stefnumótun og samráð.

Ýmis stefnumótandi vinna fór fram á síðasta ári, sem nýtist og hefur skírskotun til undirbúnings nýrrar atvinnustefnu. Á þessu tímabili hefur sömuleiðis verið haft samráð við ýmsa hagaðila og staðið að upplýsingaöflun. Í þessu samhengi má nefna:

- [SVÓT greining á landbúnaði í Langanesbyggð og Norðurþingi.](#)
- Áfangastaðaáætlun Norðurhjara
- Vinnustofa með sveitarstjórn Langanesbyggðar um fjárfestingartækifæri
- Stefna sveitarstjórnar Langanesbyggðar vegna uppbyggingar í Finnafirði

Einnig er vert að minnast á SVÓT greininguna frá árinu 2019, sem unnin var upp úr niðurstöðum fjögurra íbúafunda.

2. Næstu skref - sjá grófa tímaáætlun á næstu síðu.

Hvað samráð og upplýsingaöflun varðar þá er næsta skref að halda fyrirtækjaþing með fulltrúum atvinnulífsins, með áherslu á að fá þar fram fjölbreyttar raddir. Atvinnuráðgjafar SSNE munu aðstoða við skipulagningu og framkvæmd vinnustofunnar og er ráðgert að hún fari fram þriðjudaginn 11. mars.

Að því loknu munu starfsmenn nefndarinnar (Sigríður Friðný og Gunnar Már) vinna úr öllum fyrirbyggjandi gögnum. Drög að beinagrind atvinnustefnunnar verður kynnt fyrir byggðaráði og fyrir atvinnu- og nýsköpunarnefnd í apríl. Í maí verður samráðsfundur haldinn með íbúum, nefndarfólki og sveitarstjórn. Þar verða drög að nýrri stefnu kynnt og rædd.

Unnið með athugasemdir í framhaldinu. Vinnufundur með sveitarstjórn í júní þar sem farið verður yfir drög að aðgerðum og framkvæmd þeirra rædd.

Í september er ný atvinnustefna lögð fram til samþykktar, bæði í nefnd og í sveitarstjórn.

Þá tekur við fjárhagsáætlunarvinnar og aðgerðum stefnunnar komið í farveg eins og við á.

ATVINNUSTEFNA

LANGANESBYGGÐAR

